


Í FRÉTTUM ER

ÞETTA
HELST


SEPTEMBER

BÓKUN UM
MÁLEFNI
FATLAÐRA


Stjórn SSNV lagði fram bókun um stöðu málefna fatlaðs fólks. Í bókuninni er áhyggjum lýst yfir vegna gífurlegs halla á málaflokknum.

LINDA FANNEY
Í HLAÐVARPI

Linda Fanney framkvæmdastýra nýsköpunarfyrirtækisins Alor sagði frá rafhlöðunum sem Alor eru að þróa og hvernig þær geta verið liður í að minnka neikvæð umhverfisáhrif frá rafhlöðuframleiðslu á heimsvísu og hvernig þau geta verið liður í lausninni að geyma raforku.

FYRIRTÆKJA-
KÖNNUN
LANDSHLUTA

Fyrirtækjakönnun landshlutanna er komin út en könnunin gefur góða mynd af stöðu og þróun atvinnumála á Norðurlandi vestra. Aukin þörf er eftir starfsfólki á svæðinu og þá sérstaklega hjá ferðapjónustufyrirtækjum.



VAXTARRÝMI

Tíu kraftmikil nýsköpunarteymi af Norðurlandi hafa verið valin til þátttöku í viðskiptahraðalinn Vaxtarrými sem mun hefja göngu sína 3. október næstkomandi. Þar af eru tvö af Norðurlandi vestra.

KATRÍN NÝR
FRKV. STJÓRI

Katrín M. Guðjónsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

KÚRSINN
STILLTUR

SSNV gerði samning við Saltworks ráðgjafafyrirtæki um gerð stöðugreiningar og stefnumótunar fyrir Norðurlands vestra.

SSNV Í VERKEFNA-
UMSÓKN Í
NORÐUR
SLÓÐAÁÆTLUN

Umsóknarfrestur rann út 19. september og vann starfsfólk SSNV ásamt kollegum erlendis að umsóknum í verkefnið BRAIN sem snýr m.a. að því að nýta stafræna tækni sem tekst á við loftslagsáskoranir.

OPIÐ FYRIR
UMSÓKNIR Í
UPPBYGGINGAR-
SJÓÐ

Opnað var fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra 26. september og er umsóknarferlið opið til kl. 16:00 þriðjudaginn 1. nóvember.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

2022

FYRIR NORÐURLAND VESTRA